

Ársskýrsla SAMAN-hópsins 2017



18 ára ábyrgð á börnum
okkar eru ekki innantóm orð,
nærgætni, virðing og handleiðsla
foreldra skiptir máli

SAMAN
www.samanhopurinn.is

Samantekt af starfi SAMAN-hópsins 2017

SAMAN

SAMAN-hópurinn hóf störf síðla árs 1999 þegar áhugasamir fulltrúar félagasamtaka og opinberra aðila um forvarnarstarf hittust til skrafs og ráðagerðar í tengslum við mikla umræðu í samfélaginu um skemmtanir áramótin 1999-2000. Frá þessum tíma hefur hópurinn stækkað og starfsemin er komin í nokkuð fastar skorður. Öll stærstu sveitarfélög landsins eiga nú fulltrúa í hópnum auk helstu féлага og samtaka sem láta sig varða velferð barna og ungmenna.

Fulltrúar í SAMAN-hópnum í desember 2017

Akraneskaupstaður

Fulltrúi: Heiðrún Janusardóttir, forvarnarfulltrúi
heidrun.janusardottir@akranes.is
www.akranes.is

Heimili og skóli

Fulltrúi: Ingibjörg Jónsdóttir, verkefnastjóri
systa@heimiliogskoli.is
www.heimiliogskoli.is

Akureyrarbær

Fulltrúi: Alfa Aradóttir, forvarnarfulltrúi
alfa@akureyri.is
www.akureyri.is

IOGT

Fulltrúi: Aðalsteinn Gunnarsson, verkefnisstjóri
iogt@iogt.is
www.iogt.is

Barnaheill

Fulltrúi: Þóra Jónsdóttir
thora@barnaheill.is
www.barnaheill.is

Kópavogsbær

Amanda Karima Ólafsdóttir, deildarstjóri
frístundaeildar
amanda.olafsdottir@kopavogur.is
www.kopavogur.is

Borgarbyggð

Fulltrúi: Freyja Þöll Smáradóttir, félagsráðgjafi
freyja@borgarbyggd.is
www.borgarbyggd.is

Embætti landlæknis

Fulltrúi: Ingibjörg Guðmundsdóttir, verkefnastjóri
ingibjorg@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

Fljótsdalshérað

Fulltrúi: Bylgja Borgþórsdóttir forvarnar- og
tómstundafulltrúi
bylgja@egilsstadir.is
www.fljotsdalsherad.is

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Fulltrúi: Marta Kristín Hreiðarsdóttir, félagsfræðingur
marta.kristin@lrh.is
www.lrh.is

Garðabær

Fulltrúi: Gunnar Richardsson, forvarnafulltrúi
gunnarrich@gardabaer.is
www.gardabaer.is

Mosfellsbær

Fulltrúi: Edda Davíðsdóttir, tómstundafulltrúi og
forstöðumaður
edda@mos.is
www.mos.is

Garður

Fulltrúi: Guðbrandur J. Stefánsson, frístunda-,
menningar og lýðheilsufulltrúi
guðbrandurjs@svgardur.is
www.gardur.is

Reykjavíkurborg - Skóla- og frístundasvið

Fulltrúi: Þórhildur Rafns Jónsdóttir
thorhildur.rafn.jonsdottir@reykjavik.is
www.skolarogfristund.is

Hafnarfjarðarbær

Fulltrúi: Geir Bjarnason, æskulýðs- og
forvarnarfulltrúi
geir@hafnarfjordur.is
www.hafnarfjordur.is

Reykjavíkurborg – Velferðarsvið

Fulltrúi: Guðrún Halla Jónsdóttir, verkefnastjóri
guðrun.halla.jonsdottir@reykjavik.is
www.reykjavik.is

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Fulltrúi: Vantar fulltrúa

www.hg.is

SAMFOK

Fulltrúi: Sigríður Björk Einarsdóttir,
framkvæmdastjóri
samfok@samfok.is
www.samfok.is



SAMFÉS

Fulltrúi: Victor Berg Guðmundsson,
framkvæmdastjóri
samfes@samfes.is
www.samfes.is

Seltjarnarnesbær

Fulltrúi: Kristín Jónsdóttir, félagsráðgjafi
kristinj@seltjarnarnes.is
www.seltjarnarnes.is

Umboðsmaður barna

Fulltrúi: Salvör Nordal, umboðsmaður barna
salvorn@barn.is
www.barn.is

Þjóðkirkjan

Fulltrúi: Eva Björk Valdimarsdóttir framkvæmdastjóri
Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar (ÆSKÞ)
eva@aeskh.is
www.kirkjan.is



Fyrirkomulag

SAMAN-hópurinn fundar alla jafna einu sinni í mánuði og skiptast fulltrúar á að halda fundina. Sá sem heldur fundinn stýrir honum og sá sem heldur næsta fund skrifar fundargerð. Gestgjafinn fær einnig tækifæri til að kynna það sem er efst á baugi í hans starfi, sveitarfélagi eða samtökum. Fundirnir eru mikilvægur vettvangur til að deila reynslu, hugmyndum og upplýsingum.

SAMAN-hópurinn hefur ekki starfsmann heldur skipta fulltrúar með sér verkum, jafnt tímabundnum verkefnum á framkvæmdaáætlun hvers árs sem og föstum verkefnum, s.s. umsjón með fjármálum. Fyrir hvert verkefni eða átak eru myndaðir minni vinnuhópar sem vinna í umboði hópsins í samráði við aðra fulltrúa og gjaldkera. Allt útgefið efni sem unnið er af SAMAN-hópnum stendur sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum áhugasömum til boða endurgjaldslaust á vef hópsins www.samanhopurinn.is



Markmið SAMAN-hópsins

- ♥ Að vinna gegn áhættuhegðun barna og unglunga, styðja við heilbrigðan lífsstíl og koma í veg fyrir að börn og unglingar ánetjist áfengi og öðrum vímuefnum
- ♥ Að efla samtakamátt og samstarf þeirra sem vinna að forvörnum. Þeir sem standa að hópnum eiga það sammerkt að vinna á einhvern hátt með og fyrir börn og unglunga. Tengist sú vinna einkum forvörnum, uppeldi, menntun, meðferð og ráðgjöf.
- ♥ Að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglungum stafar af áfengi og vímuefnum í samfélaginu.
- ♥ Að styrkja og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu og beina athygli foreldra að ábyrgð þeirra á uppeldi barna sinna og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar.



Leiðir

Til að ná markmiðum sínum nýtur SAMAN-hópurinn sér eftirfarandi leiðir:

- ♥ SAMAN-hópurinn beitir sér fyrir jákvæðum skilaboðum til foreldra um mikilvægi ábyrgðar á umönnun og uppeldi barna sinna. Þar er lögð áhersla á að foreldrar verji sem mestum tíma með börnum sínum. Því er beint til foreldra að þeir kaupi ekki eða veiti börnum áfengi og bent á að samkvæmt lögum má hvorki selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Því er jafnframt beint til foreldra að virða reglur um útivistartíma. Varað er við þeirri hættu sem steðjar að börnum þeirra í eftirlitslausum partýjum, á útihátíðum og við neyslu áfengis og annarra vímuefna.
- ♥ Skilaboðunum er komið á framfæri í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum með umræðum, greinaskrifum og auglýsingum.
- ♥ Hópurinn leggur áherslu á að starf hans skili sér til allra, hvar sem þeir búa á Íslandi.
- ♥ Í starfi sínu leggur SAMAN-hópurinn m.a. áherslu á að nýta sér rannsóknir á högum barna og unglunga til að móta verkefni og innihald skilaboða til foreldra
- ♥ Hópurinn er þrýstiafl um samfélagsleg málefni er varða hagsmuni barna og unglunga.



Fjárhagur

Árið 2017 námu styrkir til SAMAN-hópsins 1.700.000 milljónum króna frá eftirtöldum aðilum:

Lýðheilsusjóður	1000000 kr
Reykjavík, Forvarna- og framfarasjóður	600.000 kr.
Styrkir sveitarfélaga (annarra en RVK)	100.000 kr.

Allir styrkir runnu óskiptir til þeirra verkefna sem voru á framkvæmdaráætlun SAMAN-hópsins 2017, þar sem hópurinn greiðir hvorki laun né skrifstofuhald og allir fulltrúar starfa fyrir hópinn í vinnutíma sínum.

SAMAN- Starfsemin árið 2017

Heimasíða og Fésbókasíða

- ♥ SAMAN-hópurinn hefur haldið úti heimasíðunni www.samanhopurinn.is og facebook-aðgangi „Saman-hópurinn“ í nokkur ár. Síðurnar eru ætlaðar sem upplýsingaveita um starf og verkefni hópsins auk þess sem miðað er við að allt það auglýsingaefni sem hópurinn gefur út, sem og fræðsluefni, sé aðgengilegt. Heimasíðan geymir t.d. allt fræðsluefni, myndbönd og annað sem hópurinn sendir frá sér. Heimasíða hópsins var endurnýjuð og hefur fengið nýtt útlit og einfaldara viðmót. Reglulega framleiðir hópurinn nýtt efni til að koma skilaboðum sínum örugglega til skila til sem flestra



Sumarverkefnið: SAMAN í sólinni 2016

- ♥ Sumarverkefni Saman hópsins var aðalega á samfélagsmiðlum til að ná sem auðveltast til markhópsins.
- ♥ Ákveðið var að tengja menningarnæturverkefnið við sumarverkefnið sem reyndist hagstæður og góður kostur. Fréttatilkynningar voru sendar út fyrir bæði verkefni, greinar birtar á helstu síðum á vísu, vefborðar keyrðir í aðdraganda að báðum verkefnum, umfjöllun á Lífinu og Facebook síða hópsins var sponusð og myndbönd sett inn samkvæmt birtingaráætlun.



Menningarnótt

- ♥ Í samvinnu við sumarverkefni SAMAN-hópsins sendi hópurinn frá sér sérstök skilaboð til foreldra í aðdraganda Menningarnætur. Áhersla var á samveru fjölskyldunnar á Menningarnótt með slagorðunum „Saman í bæinn og saman heim“. Síðustu ár hafa þeir aðilar sem standa að Menningarnótt einnig komið þessum skilaboðum vel til skila í öllu sínum kynningum. Samvinna þessara aðila hefur gengið vel og jákvæður bragur einkenndi Menningarnótt.“



Saman í bæinn
og saman heim.

#gamansamantekt



Útivistaráttak



- ♥ Frá upphafi SAMAN-hópsins hefur verið lögð áhersla á að virða útivistatímann.
- ♥ Að vanda minnti SAMAN-hópurinn á breyttan útivistartíma að hausti, með veggspjöldum í auglýsingastöndum á höfuðborgarsvæðinu.
- ♥ SAMAN-hópurinn sendi jafnframt bréf til skólastjórnenda s.l. haust, með ósk um að minna foreldra á breytingar á útivistartíma.
- ♥ Póstur var sendur á sveitarfélög með upplýsingum um hvernig hægt væri að panta segla og veggspjöld með reglum um útivistartímann. Sveitarfélög geta látið setja merkið sitt á efnið áður en prentað er. Einnig stendur þeim til boða að fá kynningarefni frá SAMAN-hópnum s.s. rafrænar auglýsingar, netborða og annað efni á heimasíður.



Hvatning til foreldra útskriftanema grunnskóla og fyrsta árs framhaldsskólanema

♥ Verkefnið beinist að foreldrum barna sem eru að ljúka grunnskóla og hefja nám í framhaldsskóla. Í lok maí var foreldrum barna sem voru að ljúka námi í 10. bekk sent rafrænt bréf í gegnum grunnskólana. Minnt var á 18 ára ábyrgð og gildi þess að sýna áfram umhyggju, aðhald og eftirlit þó svo að grunnskóla sleppi og framhaldsskóli taki við. Lögð var áhersla á áframhaldandi handleiðslu foreldra við börn sín til 18 ára aldurs. Við lok 10. bekkjar fá foreldrar einnig skilaboð frá heilsugæslunni í gegnum fræðslu skólahjúkrunarfræðinga þar sem einnig er minnt á áframhaldandi handleiðslu foreldra við börn sín til 18 ára aldurs.

♥ Bæklingurinn „Slakaðu á en slepptu ekki“ á að vera til í öllum framhaldsskólum á rafrænu formi. Í bæklingnum eru upplýsingar og ábendingar fyrir foreldra til að hafa í huga þegar barn hefur nám á nýju skólastigi. Bæklingurinn er til á 7 erlendum tungumálum og má finna hann á heimasíðu SAMAN-hópsins og í framhaldsskólunum.

Til foreldra unglinga á framhaldsskólaaldri
Framundan eru ný og spennandi verkefni, sem þarfnast áframhaldandi handleiðslu foreldra.

18 ÁRA ÁBYRGÐ

SAMAN

Skilaboð til foreldra framhaldsskólanemenda

♥ Vorið 2012 var skipaður nýr vinnuhópur innan SAMAN-hópsins til að vinna forvarnarverkefni þar sem markhópurinn er foreldrar 16-18 ára framhaldsskólanema. Þessi hópur er enn að störfum en við mótun verkefnisins, tekur hópurinn mið af niðurstöðum könnunar á viðhorfum framhaldsskólaforeldra varðandi samverustundir og til áhættuhegðunar ungmenna. Markmið verkefnisins er vitundarvakning foreldra um t.d. eftirlitslaus party, bjórkvöld, sumarbústaðaferðir o.fl. Einnig er mikilvægt að undirstrika það að ábyrgð foreldra á börnum sínum gildi líka eftir grunnskóla, þ.e. þar

SAMAN

til börn eru orðin 18 ára. Stefnt er að því að birta verkefnið í formi skilaboða til foreldra, t.d. auglýsingar á vefmiðlum með setningum á borð við „Veistu hvar unglingurinn þinn er, með hverjum og hvað hann er að gera?“. Hugmyndin er að slíkt átak verði birt einu sinni til tvisvar á ári t.d. á haustin og snemma vors.

- ♥ Á árinu var stofnað til samstarfs við Heimili og skóla sem fara um landið til að hitta framhaldsskólaforeldra þar sem fulltrúi þeirra mun m.a. koma skilaboðum SAMANhópsins á framfæri til foreldra.

Jóla og áramótaátak – Jóladaatal með tillögum að samverustundum fjölskyldunnar í desember

- ♥ SAMAN-hópurinn á rætur sínar að rekja til áramótaátaksins 1999-2000 og hefur hópurinn frá upphafi, í alls 18 ár, sent foreldrum á Íslandi hvatningarorð um samverustundir fjölskyldunnar á þessum tímamótum.
- ♥ Fyrir jól og áramót 2017 – 2018 birtust auglýsingar í formi veggspjalda í auglýsingastöndum strætó á höfuðborgarsvæðinu í desember. Auglýsingarnar í strætóstöndunum voru tvennskonar, fyrir jól annarsvegar og fyrir áramót hins vegar. Boðskapur þessara auglýsinga var, „Samvera er besta jólagjöfin, fjölskyldan saman um jólin“ og „Gaman saman um áramótin, fjölskyldan saman, 18 ára ábyrgð“. Sömu auglýsingar voru birtar á ljósaflettiskilti móts við Reykjanesbraut /Vífilsstaðaveg. Tvöföld birting á hringekju allan sólarhringinn frá 15. desember til 1. jan. og skipt um auglýsingu sbr. strætóstanda. (auglýsingaskilti.is).
- ♥ Á hverjum degi í desember og fram í janúar var dagatal á Facebook sem birti nýja tillögu um samverustundir fjölskyldunnar tengt jólum og áramótum. Tillögurnar voru búnar til í samvinnu við auglýsingastofu Völu 2015 og endurraðað á hverju ári. Skilaboðin birtust og var deilt af félögum og vinum. Metið er hverju sinni hvort eigi að kosta dreifingu á Facebook.



Kynning á SAMAN-hópnum

- ♥ Kynningar hópsins fóru að mestu fram í gegnum heimasíðu og facebook aðgang hópsins, verkefni hópsins og styrkumsóknir.
- ♥ Stutt kynning á hópnum, helstu markmiðum og starfsemi hans fylgdi öllum styrkumsóknum á árinu auk þess sem nokkrir fulltrúar í hópnum kynntu starfsemi hans á heimaslóð, þ.e. hjá sínum sveitarfélögum, stofnunum eða félagasamtökum. Heimasíða SAMAN-hópsins hefur haldið sínu striki en meiri krafti var varið í síðu hópsins á samfélagsvefnum Facebook.
- ♥ Allt útgefið efni á vegum hópsins er merkt lógói hópsins og hefur það orðið nokkra merkingu í huga fólks.

Nærgætni, virðing
ogandleisla
foreldra skiptir máli



Samverustundir
fjölskyldunnar
-besta forvernin

Safnum góðum
minningum saman!

Framkvæmdaáætlun SAMAN-hópsins fyrir starfsárið 2018

- ♥ Skýr skilaboð og hvatning til foreldra unglunga við lok grunnskóla og við fyrstu ár framhaldsskólagöngu. Stefnt er á áframhald þessa verkefnis þar sem foreldrar unglunga 16 – 18 ára eru minntir á foreldraábyrgð til 18 ára aldurs. Unnið verður að nýjum leiðum til að koma skilaboðunum til foreldra en einnig verður áfram dreift efni sem þegar er til hjá SAMAN-hópnum s.s. póstkort og bæklingurinn **Slakaðu á en slepptu ekki**. Þetta efni hefur að geyma skilaboð um ábyrgð foreldra og hvaða áhættur í lífi ungmennanna geta steðjað að á þessum tímamótum. Greinaskrif og auglýsingabirtingar vegna hátíðahalda í kringum þjóðhátíðardaginn 17. júní, fyrstu helgina í júlí og Verslunarmannahelgina, þar sem hvatt er til samverustunda fjölskyldunnar og eftirlits foreldra með börnum sínum og unglungum. Jafnframt er stefnt á að senda áskorun sama efnis til sveitarfélaganna vegna bæjar- og menningarhátíða sem fest hafa í sessi sem stórir og fjölmennir viðburðir í ýmsum bæjarfélögum yfir sumartímann.
- ♥ Áframhaldandi vinna verður með heimasíðu SAMAN-hópsins, www.samanhopurinn.is og á facebookarsíðu hópsins. Áætlað er að allar greinar sem fulltrúar hafa sent frá sér í nafni hópsins og útgefið efni hópsins verði til taks á aðgengilegan hátt ásamt umfjöllun um málefni sem tengist starfi hópsins og þeim sem að honum standa.
- ♥ Sumaráttak endurtekið þar sem athygli er vakin á áhættuþáttum í lífi unglunga yfir sumartímann, stutt af rannsóknarniðurstöðum.
- ♥ Menningarnótt. Að tryggja að skýr skilaboð komi til allra um að fjölskyldan skemmti sér saman á Menningarnótt.
- ♥ Útivistarátaki verði haldið áfram þar sem minnt er á útivistartímann, sérstaklega á breytingar að hausti, og sveitarfélögum boðið efni til að nýta til kynningar.
- ♥ Jóla-, áramóta- og aðventuátaki verði haldið áfram þar sem foreldrar eru hvattir til samverustunda með börnum sínum og unglungum.



18 ára ábyrgð á börnum
okkar eru ekki innantóm orð,
nærgætni, virðing ogandleisla
foreldra skiptir máli





Til hamingju með framhaldsskólannemmann þinn!

Framundan eru ný og spennandi verkefni, sem þarfnast áframhaldandi handleiðslu foreldra.

18 ÁRA ÁBYRGÐ



Gagnlegar upplýsingar

Flestar framhaldsskólar hafa heimasíðu þar sem m.a. má finna upplýsingar um félagslífið og forvarnastefnu skólans, náðni og útdöng starfsmanna. Framhaldsskólum er skyld að hafa starfandi foreldraráðgjaf skólans. Mikilvægt er að leyfna sér hvort svo sé í skóla unglingsins, hvernig starfsmenn er háttad og taka þátt í því starfi.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Heilsueflandi framhaldsskóli er nálgun sem var þróuð í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Samband ídenskra framhaldsskólanna (SÍF) undir formerkjum HoFF-samsvarfarsins, og lýður upp á heildræna stefnu í forvörnum og heilsueflingu. Hún gerir framhaldsskólum kleift að mynda á hagrytan hátt skýtan ramma utan um þennan málaflokk og jafnframt tryggja starfið beint við gændarsamfélagið og foreldra. Haustið 2011/2012 voru 31 framhaldsskólar þátttakendur.

SAMAN

HOFF

www.samanhopurinn.is



POKASÍÐUR

18 ára ábyrgð á börnum okkar eru ekki innautóm orð, nærgætni, virðing og handleiðsla foreldra skiptir máli

Til foreldra unglinga á framhaldsskólaaldri



18 ÁRA ÁBYRGÐ
SLAKA Á TAUMNUM
EN EKKI SLEPPA